



9. nóvember 2015

Áskorun til ráðherra og alþingismanna

Landshlutasamtök á öllu landinu skora á ráðherra og alþingismenn að tryggja við gerð fjárlaga fyrir árið 2016 verði aukin framlög til eftirtalinnna málaflokka sem allir eru gríðarlega mikilvægir fyrir byggðapróun til framtíðar.

- Þjónusta við fatlað fólk
- Samningar um sóknaráætlun
- Samgöngumál (nýframkvæmdir, viðhald og þjónusta)
- Almenningsamgöngur
- Ljósleiðaravæðing

Landshlutasamtökin eru sem fyrr reiðubúin til að leggjast á árar með sínum kjörnu fulltrúum og ríkisvaldinu við að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna líf skjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Það verður þó ekki gert nema vilji til þess sjáist í fjárlagafrumvarpinu gagnvart þessum lykilmálum.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Eyþing

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum



Ítarefni

Megin markmið þingsályktunar um stefnumarkandi byggðaáætlun 2014-2017 er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá verði lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Til þess að ná markmiðum byggðaáætlunarinnar verði gripið til aðgerða sem falla undir fjögur skilgreind lykilsvið; innviði, sértækar aðgerðir, atvinnumál og opinbera þjónustu.

Rekstrarhalli sveitarfélaga á þeim þáttum í þjónustu við fatlað fólk sem fluttir voru frá ríki til sveitarfélaga nemur, samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga, ríflega 1,7 milljarði króna á árinum 2011-2014. Það er þó mat sumra sveitarfélaga að hallinn sé mun meiri. Þessi staða er víða farin að hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélaga en þau hafa gætt þess að skerða ekki lögbundna þjónustu við þjónustugega. **Landshlutasamtökin skora á alþingismenn og ráðherra að tryggja fjármagn til að greiða uppsafnaðan halla málflokksins og tryggja síðan fjármögnun hans frá og með árinu 2016, þannig að sveitarfélögin geti veitt þjónustu í takti við lög og reglugerðir um málaflokkinn.**

Á undanförunum árum hefur verið lyft grettistaki bæði af hálfu Stjórnarráðsins og landshlutasamtaka til ná markmiðum um samþættingu áætlana og aukið samstarf með samningi um sóknaráætlun. En ef markmið þessi eiga að nást, verða aðgerðir að fylgja orðum. Það fjármagn sem nú er ætlað til sóknaráætlana nægir engan veginn til að hægt sé að setja af stað afgerandi verkefni á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnu- og byggðapróunar. **Landshlutasamtökin skora á alþingismenn og ráðherra ríkisstjórnarinnar að standa vörð um þetta brýna hagsmunamál landsbyggðanna með því að tryggja það fjármagn sem lofað var í upphafi þessarar vegferðar.**

Í byggðaáætlun 2014-2017, undir kafla sem helgaður er innviðum, er sérstaklega kveðið á um bættar samgöngur. Þó virðist sífellt nauðsynlegt að hamra á því við hið opinbera að ef framlög til samgöngumála verða ekki aukin verulega verður ekki hægt að halda við og bæta samgöngukerfi landsins, svo það þjóni aukinni umferð og auknum kröfum um umferðaröryggi. Greiðar samgöngur eru grundvöllur vaxtar og viðgangs byggðarlaga og hafa grundvallarþýðingu í uppbyggingu þjónustu- og vaxtarsvæða.

Hækkun fjárheimilda til málaflokksins á tímabili fjögurra ára samgönguáætlunar er óveruleg og þýðir í raun áframhaldandi ófremdarástand. Þessi niðurstaða er mikil vonbrigði þar sem mikilvægi samgangna hefur aldrei verið meira. Kemur þar margt til, s.s. fjölgun ferðamanna, stórauknir vöruflutningar, tryggur aðgangur að heilbrigðisþjónustu, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið beinlínis krefst þess að möguleikar á að fara á milli staða með skjótum og öruggum hætti séu fyrir hendi. Þá þarf ekki að fjölyrða um gildi góðra samgangna fyrir þróun byggðar í landinu og hversu mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna þýðingarmiklu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að unnið verði að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða. Landshlutasamtökin harma að þess sjáist ekki merki í samgönguáætlun til næstu fjögurra ára að þessu markmiði verði náð. Óhætt er að fullyrða að enginn einn málaflokkur sé jafn mikilvægur fyrir landsmenn alla. **Samtökin skora á**



alþingismenn og ráðherra ríkisstjórnarinnar að tryggja stóraukið fjármagn til samgöngumála.

Ekki verður hjá því komist að víkja sérstaklega að því sem kalla má ófremdarástand við framkvæmd verkefnis um almenningssamgöngur sem ríkið fól landshlutasamtökunum í ársbyrjun 2012. Nauðsynlegt er að breyta því lagaumhverfi sem almenningssamgöngur búa við í dag þannig að lagalegt umboð til aksturs verði skýrt. Það verður gert með **setningu sérstakra laga um almenningssamgöngur**. Slík lagasetning er í raun skilyrði þess að landshlutasamtök sveitarfélaga komi að slíkum rekstri. Sömuleiðis verður fjárhagslegur grundvöllur verkefnisins að vera til staðar og tryggja verður að almenningssamgöngur verði ekki skattlagðar. **Landshlutasamtökin beina því til ráðherra og alþingismanna að tryggja að virðisaukaskattur leggist ekki á aðkeypta akstursþjónustu sveitarfélaga.**

Skýrsla starfshóps, um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga á Íslandi og þau markmið og sú samstarfsleið sem þar er mælt með, var mikið fagnaðarefni fyrir landsbyggðirnar. Það er sanngirnismál að allir íbúar landsins, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Það fjármagn sem nú er gert ráð fyrir á fjárlögum til þessa málaflokks er langt undir þeim væntingum sem sveitarfélögin í landinu höfðu, ekki síst í ljósi þeirra yfirlýsinga sem fylgdu við kynningu skýrslunnar og þeirra markmiða sem sett eru fram í byggðaaáætlun 2014-2017. **Landshlutasamtökin hvetja ríkisstjórn og alþingismenn til að tryggja nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna og að horft verði til byggðasjónarmiða við forgangsroðun þeirra.**